

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 763/2013****2014/EES/12/11****frá 7. ágúst 2013****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 637/2009 að því er varðar flokkun tiltekinna
plöntutegunda til að meta heppileika nafngifta á yrkjum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002
um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði ⁽¹⁾,
einkum 6. mgr. 9. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002
um markaðssetningu grænmetisfræs ⁽²⁾, einkum 6. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Að því er varðar tilteknar tegundir ætti að aðlag-
a flokkana, sem settir eru fram í I. viðauka við reglugerð
framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 637/2009 frá 22. júlí
2009 um setningu framkvæmdarreglna um heppileika
nafngifta á yrkjum af tegundum nytjaplantna í landbúnaði
og grænmetistegunda ⁽³⁾, svo tekið sé tillit til breytinga
á alþjóðlegri grasafraðilegri flokkun. Yrkisskrifstofa

Bandalagsins hefur þegar felld þessar breytingar
inn í „Viðmiðunarreglur með skýringum um 63. gr.
reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2100/94 frá 27. júlí 1994
um vernd yrkisréttar í Bandalaginu“ (e. *Guidelines with
explanatory notes on Article 63 of Council Regulation
(EC) No 2100/94 of 27 July 1994 on Community Plant
Variety Rights*).

- 2) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 637/2009 til
samræmis við það.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og
fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 637/2009 er breytt
í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist
í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. ágúst 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 213, 8.8.2013, bls. 16. Hennar var getið
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2014 frá 14. febrúar 2014
um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn,
biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 10.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 637/2009 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað línanna sem varða flokka 4.1 og 4.2 í töflu 1, „Flokkar innan ættkvíslar“, komi eftirfarandi:

Flokkar	Vísindaheiti
„Flokkur 4.1	<i>Solanum tuberosum</i>
Flokkur 4.2	<i>Solanum lycopersicum</i> , frumstofn tómats og tegundablandaðir blendingar
Flokkur 4.3	<i>Solanum melongena</i>
Flokkur 4.4	<i>Solanum</i> , þó ekki flokkar 4.1, 4.2, 4.3“

- 2) Í stað línanna sem varða flokka 201 og 203 í töflu 2, „Flokkar sem ná yfir fleiri en eina ættkvísl“, komi eftirfarandi:

Flokkar	Vísindaheiti
„Flokkur 201	<i>Secale</i> , <i>Triticum</i> , <i>xTriticosecale</i>
Flokkur 203 (*)	<i>Agrostis</i> , <i>Dactylis</i> , <i>Festuca</i> , <i>xFestulolium</i> , <i>Lolium</i> , <i>Phalaris</i> , <i>Phleum</i> og <i>Poa</i> “